

## FUNDARGERÐ

333. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 16. janúar 2024 kl. 14:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ) í *ffarfund*, Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í *ffarfund* og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Gestir í upphafi fundar: Grímur Björnsson, jarðeðlisfræðingur  
Helgi Ómar Bragason, jarðeðlisfræðingur, varamaður í stjórn  
Glúmur Björnsson, jarðfræðingur, starfsmaður HEF.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

- 1 Jarðvísindaandakt
- 2 Verkefnastaða
- 3 Leyfismál framkvæmda
- 4 Fráveituhreinsun – undirbúningur og næstu skref
- 5 Starfsáætlun stjórnar, verkefni janúarmánaðar
- 6 Undirbúningur fyrir endurskoðun og aðalfund
- 7 Uppgjör verkefna
- 8 Sóknarnefnd Eiðakirkju - erindi
- 9 Húshitunarkostnaður í dreifbýli – erindi af bæjarstjórnarþekkingum
- 10 Viðhaldsstjórnun
- 11 Gjaldskrá, niðurstaða
- 12 Önnur mál
  - a. Lóðarleigusamningur – Austurtún 18
  - b. Skipulags- og byggingamál – umsagnarbeiðnir til HEF veitna

### **1 Jarðvísindaandakt**

Grímur Björnsson, Helgi Ómar Bragason og Glúmur Björnsson fara yfir hugmyndir sínar að uppbyggingu þekkingar á jarðvísindasviði innan HEF. Mikilvægt er að safna og gera tiltækar allar upplýsingar um jarðfræði vatns- og hitaveitusvæða í Múlaþingi.

Grímur þekkir vel til HEF, vann við undirbúningsrannsóknir við Urriðavatn 1982. Hann hefur unnið í fjölmörgum verkefnum um allan heim. Honum finnst full ástæða til að HEF skilgreini sig sem þekkingarfyrirtæki. Mikilvægt er að öll gögn tengd rannsóknum og vísindastarfi verði eign og í vörslu HEF.

Stjórn þakkar þeim félögum fyrir fróðlega og áhugaverða yfirferð og þær hugmyndir sem fram komu. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja niður lista af mögulegum verkefnum og hvaða

búnaður myndi gagnast til að vinna að hugmyndunum um að HEF veitur skilgreini sig sem þekkingarfyrirtæki. Frekari umræðu og ákvörðun vísað til aðalfundar félagsins.

*Gestirnir yfirgáfu fundinn.*

## **2 Verkefnastaða**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna sem nú er haldið utan um í verkefnastjórnunartóli á Netinu. Stjórnarmenn hafa nú aðgang að tólinu og geta öllum stundum séð stöðu verkefna félagsins.

## **3 Leyfismál framkvæmda**

Formaður, ritari og framkvæmdastjóri fóru á fund skipulagsfulltrúa Múlaþings til að ræða reglur og kröfur um leyfismál og -veitingar vegna framkvæmda veitunnar. Verkefnalisti HEF 2024 lá fyrir fundinum. Stjórn leggur áherslu að undirbúningur verkefna og verkefnalýsing sé vel unnin þannig hægt sé að leggja það fyrir skipulagsyfirvöld sem getur þá metið leyfisskyldu.

## **4 Fráveituhreinsun – undirbúningur og næstu skref**

Mikil óvissa ríkir um hve langt stjórnvöld munu fara í aukningu krafna um fráveituhreinsun. Regluverk er í smíðum hjá Evrópusambandinu sem væntanlega verða teknar upp á EES svæðinu og þar með hérlendis. Framkvæmdarstjóra falið að koma málinu á framfæri við Múlaþing.

## **5 Starfsáætlun stjórnar, verkefni janúarmánaðar**

Fundaáætlun ársins yfirfarin og afgreidd. Framkvæmdastjóri setur í dagatal stjórnar. Yfirferð á ferli upplýsinga til stjórnar (liður 2, 6. mgr.) – Yfirfarið, engar breytingar gerðar.

## **6 Undirbúningur fyrir endurskoðun og aðalfund**

Tillaga framkvæmdastjóra og endurskoðanda um aðalfund 15. mars gengur ekki vegna fjarveru stjórnarmanna. Tillaga um 22. mars. Framkvæmdastjóri kannar hvort endurskoðandi getur mætt þá.

## **7 Uppgjör verkefna**

Framkvæmdastjóri hyggst gera grein fyrir helstu niðurstöðum stærri verkefna félagsins í tölum og orðum í ársskýrslu félagsins. Stjórn kom á framfæri áherslum sínum um hvaða upplýsingar væru gagnlegar til birtingar.

## **8 Sókarn nefnd Eiðakirkju - erindi**

Erindi sókarn nefndarinnar, dags. 10. janúar 2024 um niðurfellingu eða til vara lækun tengigjalds hitaveitu til kirkjunnar. Stjórn getur ekki fallist á erindið og felur framkvæmdastjóra að svara formanni sókarn nefndar.

## **9 Húshitunarkostnaður í dreifbýli – erindi af bæjarstjórnarþekknunum**

Viðmælandi á bæjarstjórnarþekknunum í desember síðast liðnum stingur uppá því að stutt verði við íbúa í dreifbýli að finna leiðir til hagkvæmrar húshitunar (t.d. varmadælur). Erindið tónar við niðurstöðu samráðsfundar Vatnaskila; verkefni um framtíðartækifæri í sveitum Austurlands. Fundurinn var haldinn í gamla barnaskólanum á Eiðum 23. ágúst 2023. Þar var m.a. stungið upp á „sameiginlegu átaki í könnun á möguleikum [kyndingar híbýla] á köldum svæðum um allt Austurland“. Umræðu og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

## 10 Viðhaldsstjórnun

Framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir sínar og gæðastjóra HEF um kerfi til viðhaldsstjórnunar. Umfang starfseminnar kallar orðið á enn skilvirkara utanumhald viðhaldsáætlana og -verkefna. Fastmótaðri hugmyndir verða lagðar fyrir næsta fund stjórnar.

## 11 Gjaldskrá, niðurstaða

Gjaldskrár hita-, vatns- og fráveitna félagsins sem voru endurskoðaðar í október – nóvember s.l. hafa verið birtar í B-deild stjórnartíðinda. Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneyti samþykkti ekki ósk HEF um hækkun mælaleigu hitaveitu, en samþykkti að mælaleiga yrði hækkuð til samræmis við hækkun byggingarvísitölu.

## 12 Önnur mál

### a. Lóðarleigusamningur – Austurtún 18

Fyrir fundinum liggur lóðarleigusamningur um nýstofnaða lóð dælustöðvar við Eyvindará. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Múlaping um aðkomu að lóðinni og ljúka málinu í samræmi við umræður á fundinum.

### b. Skipulags- og byggingamál – umsagnarbeiðnir til HEF veitna

Framkvæmdastjóri fór lauslega yfir umfang og stöðu umsagnarbeiðna Skipulagsstofnunar og byggingaraðila í Múlapingi. Til kynningar.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:55

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Undirritanir á næstu síðu.

